

Alþingi  
Erindi nr. P 140/2308  
komudagur 7.5.2012

## Athugasemdir við rammaáætlun

Hildigunnur Haraldsdóttir [hildo@husk.is]

Sent: 7. maí 2012 16:44

Viðtakandi: Nefndasvið umsagnir

---

Ég undirrituð geri athugasemdir við að jarðhitasvæðið á Reykjanesfólkvangi sé sett í nýtingarflokk í rammaáætlun og tel því betur borgið í verndarflokki. Samband orkukerfa og umfang nýtingar þarf að standast kröfur um sjálfbærni, en nýjar virkjanir á Reykjanesi virðast ekki gera það.

Samkvæmt b lið 1. greinar skipulagslaga skal stuðla að skynslamegri og hagkvæmri nýtingu lands og landgæða, tryggja vernd landslags, náttúru og menningarverðmæta og koma í veg fyrir umhverfisspjöll og ofnýtingu með sjálfbæra þróun að leiðarljósi.

Það er einstakt að hafa jafn fjölbreytilegt jarðhitasvæði og Reykjanesið er, við túnfót höfuðborgarsvæðisins. Vert er að meta hvort ekki er æskilegra að nýta þetta svæði sem eldfjallagarð til fróðleiks fyrir komandi kynslóðir. Okkur ber að minnsta kosti að leyfa komandi kyndlóðum að njóta vafans og velja hvernig þessu svæði verður ráðstafað, en þar eru mikilvæg náttúruundur sem ekki er vert að fórna. Eldfjallagarður á Reykjanesi gæti orðið víðfrægur áfangastaður og tryggir sjálfbæra lausn, sem tekur tillit til umhverfis. Reykjanesfólkvangurinn er dýrmætt svæði, sem er notað til útivistar, fræðslu og heilsubótar, en Norðmenn og Finnar, sem eiga mun fábreytilegri virkar jarðfræðiminjar en við, hafa þegar stofnað eldfjallagarða.

Leyfum komandi kynslóðum að velja og nýtum orku okkar betur, með því stöndumst við ákvæði í lögum um sjálfbærni.

Með vinsemd og virðingu,  
Hildigunnur Haraldsdóttir arkitekt faí,  
Hús og skipulag ehf, sími 5111099,  
Bolholti 8, 105 Reykjavík,  
netfang: husk@husk.is